

Arnaldur B. Olson

LEIKINN GLÆPAMADUR.

I. KAPÍTULI.

MADUR NOKKUR ÁLÍTUR, AÐ HANN GETI DRÝGT GLÆP
ÁN ÞESS AÐ VERÐA UPPVÍS AÐ ÞVÍ.

„JACK BARNES verður aldrei strandaglópur, það er áreiðanlegt“, sagði farþeginn um leið og hann komst upp á tröppuna á svefnvagninum.

„Hér skall nú samt hurð nærri hælum“, sagði svefnvagns þjónninn, sem hafði hjálpað Mr. Barnes í hinni ofdirfskufullu tilraun hans að komaast upp í svefnvagninn á miðnætur-bradlestinni, þegar hún var að renna út úr Boston-borg og var komin á mikla ferð. „Ég ráðlegg yður að leika það ekki oft, að stökkva upp í járnbrautarlestir sem eru komnar á fleygiferð“.

„Ég þakka yður fyrir góða ráðleggingu og fyrir hjálpinu, sem þér veittuð mér“, sagði farþeginn. „Hérna er skildingur henda yður. Vísid mér á deildina, sem ég á að sofa í, því ég er dauðþreyttur“.